



## Vetrarleyfi haustið 2011

Nú þegar farið er að síga á seinni hluta skólaársins 2010-2011 er skipulagsvinna vegna skólaársins 2011-2012 á fullu. Búið er að ganga frá skóladagatali næsta skólaárs hér innanhúss og skólaráð hefur samþykkt það. Samkvæmt lögum á það að fara til skólanefndar til samþykktar en það verður lagt fyrir nefndina um miðjan apríl. Til að auðvelda foreldrum skipulag ferða í haust er bent á að gert er ráð fyrir starfsdögum fimmtudaginn 20. og föstudaginn 21. október og vetrarleyfisdögum mánudaginn 24. og þriðjudaginn 25. október. Starfsmenn skólans stefna að náms- og kynnisferð í haust og því lagt til að starfsdagar liggi að vetrarleyfi. Rétt er þó ítreka að skólanefnd á eftir að samþykkja skóladagatalið og því er þetta sett fram með fyrirvara.

## Einelti og líðan nemenda og starfsfólks

Í vetur hefur farið fram endurskoðun á eineltisáætlun Kópavogsskóla. Endurskoðunin hefur verið unnin í samvinnu við starfshóp foreldra um einelti. Þegar athugasemdir foreldra hefur verið komið inn verður áætlunin birt á heimasíðu skólans. Auðvitað er þó ekki nóg að vera með góða eineltisáætlun heldur skiptir mestu máli að starfsmenn og foreldrar séu vakandi fyrir þessu vandamáli og séu tilbúnir að vinna saman. Einnig er afar mikilvægt að í skólum skapist skólabragur þar sem einelti þrífst ekki. Líður í því að skapa slíkan skólabrag er Uppeldi til ábyrgðar en það er stefna sem við höfum verið að innleiða sl. tvö skólaár. Uppeldi til ábyrgðar hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Áherslan er á jákvæð samskipti fremur en reglur, á ábyrgð fremur en blinda hlýðni og á virðingu í samskiptum. Tengil með upplýsingum um stefnuna má finna á heimasíðu skólans.

Einelti hefur bein áhrif á líðan nemenda en í tengslum við vinnu sem fram fór meðal starfsmanna sl. skólaár var ákveðið að skoða sérstaklega líðan nemenda og starfsfólks í sjálfsmati skólans. Til þess að meta þessa þætti var lögð spurningakönnun fyrir starfsfólk og einnig er fyrirhugaður umræðufundur með starfsfólki. Til þess að kanna líðan nemenda leggur námsráðgjafi fyrir alla bekkir könnun varðandi einelti, félagatengsl og fleira. Út frá könnuninni vinna síðan námsráðgjafi, umsjónarkennari og sálfræðingur með einstaka bekkjardeildum. Einnig var ákveðið að leggja Skólapúlsinn fyrir í 6. – 10. bekk en það er vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum. Þeirra er aflað mánaðarlega með spurningum sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður um stöðu nemenda í 6.-10. bekk eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbendingar um þróun mála og stöðu nemenda miðað við nemendur í öðrum skólum.

## Á þemadögum var hefðbundin kennsla brotin upp og ýmislegt gert sér til skemmtunar.



danskennsla

bingó



og gleðin skein úr hverju andliti



grímugerð



grímuball

### PISA 2009

Á þriggja ára fresti er svokölluð PISA rannsókn á vegum OECD lögð fyrir 15 ára nemendur í mörgum löndum. PISA er alþjóðleg könnun sem mælir hæfni og getu nemenda í lestri, náttúrufræði, stærðfræði og þrautalausnum. Rannsóknin var síðast lögð fyrir árið 2009 og niðurstöður rannsóknarinnar liggja nú fyrir og þær má nálgast á vef Námsmatsstofnunar (sjá <http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa.html>). Þátttakendur voru frá 65 löndum og alls tóku 3950 nemendur í 144 íslenskum grunnskólum þátt í rannsókninni.

Í byrjun febrúar boðaði grunnskóladeild Kópavogs skólastjóra til kynningarfundar. Þeir Almar M. Halldórsson og Óskar H. Níelsson frá Námsmatsstofnun kynntu niðurstöðurnar fyrir Kópavog og skólastjórar fengu í hendur niðurstöður fyrir sinn skóla. Meðaltal OECD landanna er stillt á 500 og niðurstöðurnar fyrir nemendur Kópavogsskóla eru í heildina góðar. Í lesskilningi er meðaltalið 520, í læsi á stærðfræði er það 514 og í læsi á náttúrufræði er það 525. Kópavogsskóli mælist með hæst meðaltal skólanna í Kópavogi í lesskilningi og læsi á náttúrufræði en í stærðfræði er Kópavogsskóli þremur sætum neðar. Mælingar sem þessar eru skólum nauðsynlegar því þær sýna stöðu hvers nemanda gagnvart jafnöldrum og eru um leið mælikvarði á hve vel skólum tekst að efla ákveðna þætti hjá nemendum sínum. Næsta fyrirlögn rannsóknarinnar verður árið 2012.

### Danssýning fyrir foreldra



### Breytingar með nýrri fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir árið 2011 hefur nokkrar breytingar í för með sér fyrir grunnskóla bæjarins og ekki síður fyrir foreldra þar sem gjaldskrárhækkanir í dægradvöl og mötuneyti tóku gildi um áramót. Farið var yfir breytingarnar á opnum fundi skólaráðs 22. febrúar sl. en áður var búið að senda foreldrum tölvupóst vegna gjaldskrárhækkana.

Menntasvið Kópavogs hefur nú sagt upp samningnum við Skólamat sem sér um mötuneyti skólans og tekur uppsögnin gildi í lok skólaársins. Kostnaður Kópavogsbæjar vegna niðurgreiðslna er mikill og því er verið að skoða tvo möguleika. Annars vegar hvort hægt sé að fá hagstæðara tilboð í matinn og hins vegar hvort hagkvæmara sé að skólinn taki alfarið að sér að elda og reka mötuneytið. Þeirri vinnu lýkur væntanlega í apríl og niðurstaðan verður þá kynnt foreldrum.

Stöðugildum skólaliða við skólann fækkar um eitt og skerðing verður á gæslu frá því sem nú er. Fækkun skólaliða þýðir að breyta þarf ræstiskipulagi og felst í að ákveðnir hlutar skólahúsnæðisins er ræstir sjaldnar. Eftir að skóhillurnar voru settar upp við innganga hafa öll þrif orðið auðveldari svo tiltölulega auðvelt er að bregðast við fækkun skólaliða. Hvað minni gæslu varðar var það leyst með breyttu skipulagi matartíma hjá mið- og unglingastigi. Nemendur miðstigs borða nú hádegismat kl. 11:50 í stað 12:15 og matartími nemenda á unglingastigi er nú kl. 12:30 í stað 11:50. Með þessari breytingu er enginn nemandi í útifríminútum kl. 11:50-12:10 og því ekki þörf fyrir gæslu á þeim tíma. Á öðrum tímum er gæsla fullmönnuð með sama hætti og áður.

Menntamálaráðuneytið hefur ekki heimilað fækkun kennslustunda þó Samband íslenskra sveitarfélaga hafi óskað eftir að ræða þann möguleika. Ekki verður því skerðing á kennslustundafjölda nemenda frá því sem nú er.